

Mánudaginn 20. febrúar 1995.

Nr. 1/1995

Alþýðusamband Íslands f.h.

Flugvirkjafélags Íslands

(Andri Árnason hrl.)

gegn

fjármálaráðherra f.h. ríkisins

vegna Landhelgisgæslu Íslands

(Einar Karl Hallvarðsson hdl.)

Frávísunarkröfu hafnað. Sératkvæði.

Úrskurður Félagsdóms.

Málið, sem tekið var til úrskurðar vegna frávísunarkröfu stefnda 13. þ.m., er höfðað með stefnu, sem árituð er ódagsett um birtingu, útgefni 18. janúar sl. og þingfestri 19. s.m.

Málið úrskurða Auður Þorbergsdóttir, Kristjana Jónsdóttir, Ingibjörg Benediktsdóttir, Arnmundur Backman og Guðmundur Skaftason.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands, kt. 550169-0199, Borgartúni 22, Reykjavík.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkisins vegna Landhelgisgæslu Íslands.

Dómkröfur stefnanda:

Stefnandi gerir þær dómkröfur að viðurkennt verði með dómi, að um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, skuli fara samkvæmt kjarasamningi stefnanda og Vinnuveitendasambands Íslands vegna Flugleiða hf., dags. 12. júní 1994, frá og með þeim degi að öðru leyti en greinir í kjarasamningi stefnanda og stefnda vegna starfa flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands, frá 24. september 1992.

Jafnframt er krafist málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá Félagsdómi og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins.

Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnda verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati Félagsdóms.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo að stefnandi sé stéttarfélag flugvirkja og lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör flugvirkja skv. samþykktum sínum, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938. Stéttarfélagið sé aðili að Alþýðusambandi Íslands sem hafi með bréfi, dags. 16. janúar 1995, veitt Flugvirkjafélagi Íslands umboð til þess að reka mál þetta fyrir Félagsdómi.

Félagið hafi gert kjarasamninga við atvinnurekendur, en Vinnuveitendasamband Íslands hafi í því sambandi verið samningsaðili f.h. stærsta vinnuveitanda flugvirkja, Flugleiða hf. Síðasti kjarasamningur félagsins og VSÍ f.h. Flugleiða hf. hafi verið gerður 12. júní 1994 og sé nú gildandi fyrir kaup og kjör launþega innan stéttarfélagsins. Stefnandi hafi jafnframt gert samning við stefnda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, um sérkjör þeirra félagsmanna sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands og sé síðasti sérkjarasamningur frá 24. september 1992.

Um Landhelgisgæslu Íslands gilda lög nr. 25/1967. Í 9. gr. laganna er fjallað um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, „sem vinna að staðaldri í landi“ en þau skuli vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Í 10. gr. laganna er fjallað um laun og kjör þeirra sem að staðaldri vinna við störf „á sjó eða í lofti“ og skuli þau vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga eftir því sem við á.

Í samningi stefnanda og stefnda vegna Landhelgisgæslu Íslands, dags. 19. september 1989, 1. gr., segi orðrétt: „1. Um kaup og kjör. 1.1. Að öðru leyti en í samningi þessum greinir fer um kaup og kjör flugvirkja samkvæmt kjarasamningi FVFÍ og VSÍ vegna Flugleiða frá 4. júlí 1989“. Sá samningur, þ.e. frá 19. september 1989, hafi verið framlengdur með samningi dags. 12. desember 1990 og síðast með samningi dags. 24. september 1992.

Samkvæmt samningi stefnda og stefnanda frá 12. desember 1990 hafi laun félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni tekið sömu breytingum og skv. gildandi kjarasamningi stefnanda og VSÍ frá 11. september 1990. Með kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 24. september 1992 hafi laun félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslu Íslands tekið sömu breytingum og skv. kjarasamningi stefn-

anda og VSÍ frá 23. júlí 1992, þ.e. 1,7% hækkun launaliða, en þeirrar hækkunar hafi reyndar ekki verið getið sérstaklega í samningnum.

Í kjölfar kjarasamnings stefnanda og vinnuveitenda frá 12. júní 1994 hafi verið í gangi viðræður milli stefnanda vegna félagsmanna sinna sem starfa hjá Landhelgisgæslunni og stefnda. Þess hafi verið krafist af hálfu stefnanda að kjarasamningur stefnanda og vinnuveitanda, dags. 12. júní 1994, verði lagður til grundvallar sem kjarasamningur milli stefnda og stefnanda vegna starfsmanna Landhelgisgæslunnar, auk gildandi kjarasamnings stefnanda og stefnda frá 24. september 1992, svo sem tíðkast hafi og er í því sambandi vísað til 9. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands. Í þeim viðræðum hafi hins vegar komið fram af hálfu stefnda að ekki sé fallist á að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni skuli fara skv. gildandi kjarasamningi FVFÍ og atvinnurekenda annars vegar og sérsamningi stefnda og stefnanda hins vegar. Vegna þessa hafi kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni ekki verið í samræmi við gildandi kjarasamning stefnanda við vinnuveitendur frá því 12. júní s.l.

Starfsmenn Landhelgisgæslu Íslands hafi hvorki heimild til að gera verkfall né til að taka þátt í verkfallsaðgerðum, sbr. 7. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því grunnsjónarmiði, að skv. 9. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands, skuli um laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar „sem að staðaldri vinna í landi“, þ.m.t. félagsmanna stefnanda, fara samkvæmt „stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna“.

Með vísan til framangreinds ákvæðis hafi gildandi aðalkjarasamningur stefnanda við vinnuveitendur (VSÍ) verið talinn gildandi varðandi kaup og kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands. Að auki hafi stefnandi gert samning við stefnda um tiltekin sérkjör félagsmanna hjá Landhelgisgæslunni, sbr. samning aðila frá 19. september 1989, sbr. samning 12. desember 1990 og 24. september 1992. Hafi í þeim samningum (19. sept. 1989, 12. des. 1990) verið tekið á tilteknum sérkjörum, sem ekki sé vikið að í kjarasamningi stefnanda við VSÍ f.h. vinnuveitenda. Hafi framangreindir stéttarfélagssamningar, þ.e.a.s. samningur stefnanda og VSÍ annars vegar og samningar stefnanda og stefnda hins vegar, á þann hátt verið viður-

kenndir sem stéttarfélagssamningar viðkomandi starfsmanna í skilningi 9. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands.

Í dómkröfu stefnanda felist þannig, að gerð er krafa um viðurkenningu á því að um kaup og kjör félagsmannanna skuli fara skv. kjarasamningi þeim sem gerður var 12. júní 1994 milli stefnanda og VSÍ frá og með þeim degi og skv. kjarasamningi stefnanda og stefnda frá 24. september 1992 (sérkjarasamningi), að öðru leyti.

Varðandi kjarasamning stefnanda og VSÍ frá 12. júní 1994 vísast til þess að sá samningur teljist vera gildandi samningur varðandi launaliði kauptaxta o.fl., þar til nýr kjarasamningur verður gerður.

Samningur stefnanda og stefnda frá 24. september 1992, sbr. samninga dags. 12. desember 1990 og 19. september 1989, sé sérstakur samningur um tiltekin afmörkuð kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslu Íslands og teljist þau kjör, sem þar er samið um, bindandi fyrir aðila og þ.m.t. stefnda þar til nýr samningur að þessu leyti hafi verið gerður, venju samkvæmt.

Starfsmenn hjá Landhelgisgæslu Íslands, þ.m.t. félagsmenn stefnanda, hafi hvorki verkfallsrétt né rétt til að taka þátt í verkfallsboðunum og sé samningsstaða þeirra að þessu leyti mjög takmörkuð. Ljóst sé að við slíkar aðstæður þurfi að koma til sérreglur varðandi ákvörðun launa og annarra kjara sem taki tillit til þessarar sérstöku stöðu. Skýra verði 9. gr. laganna með tilliti til þessa. Þannig megi ótvírætt telja að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda hjá Landhelgisgæslunni, þ.m.t. launaliði, skuli á hverjum tíma fara skv. gildandi aðalkjarasamningi sem samkomulag er um á almennum vinnumarkaði.

Slíkt hafi verið viðurkennt í reynd, sbr. 1. gr. samnings stefnanda og stefnda frá 19. september 1989, þar sem kjarasamningur stefnanda við vinnuveitendur sé lagður til grundvallar varðandi launataxta o.s.frv. Um þetta megi jafnframt vísa til fyrri samninga (fyrir 1989), sbr. t.d. samning aðila frá 16. janúar 1985. Að auki megi vísa til nýlegs kjarasamnings Félags íslenskra atvinnuflugmanna og stefnda vegna starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, dags. 17. febrúar 1994, en skv. 1. gr. samningsins gildi um kjör flugmanna að öðru leyti kjarasamningur FÍA og Flugleiða hf.

Verði ekki séð að nein þau atvik eða neinar ástæður geti leitt til þess að vikið sé frá ótvíræðu orðalagi 9. gr. laganna og framangreindri venju sem skapast hafi varðandi launakjör félagsmanna

stefnanda hjá stefnda. Synjun stefnda á því að láta flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, njóta kjara skv. framangreindum kjarasamningum teljist þannig vera ólögmat og brot gegn vinnusamningum félagsmanna stefnanda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 og 9. gr. laga nr. 25/1967.

Um heimild til að leggja mál þetta undir Félagsdóm er vísað til 44. gr. laga nr. 30/1938, einkum 2. tl., 1. mgr. Jafnframt er vísað til I. kafla laganna, laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands, einkum 7. gr., sbr. 9. gr., og til almennra réttarreglna um gildi og túlkun kjarasamninga.

Til hliðsjónar er vísað til dóms Félagsdóms í málinu nr. 7/1986.

Um málskostnað vísast til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991, og um virðisaukaskatt til laga nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili, og er því nauðsyn á að fá skattinn af málflutningsþóknun dæmdan úr hendi stefnda til að tryggja skaðleysi sitt.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fyrir frávísunarkröfu.

Stefndi telur að ekki verði ráðið skýrt afmarkað sakarefni af kröfugerð stefnanda eða málsástæðum hans. Í raun verði ekki ráðið af máltilbúnaði stefnanda, hver sé raunverulegur ágreiningur hans við stefnda og verði ekki séð, hvaða réttaráhrif dómur samkvæmt kröfugerð hans ætti að hafa í för með sér eða að með dómi um kröfu hans verði ákveðnu sakarefni ráðið til lykta. Óumdeilt sé að um kaup og kjör félagsmanna stefnanda sem vinna hjá LHG fari samkvæmt samningi stefnanda við stefndu frá 24. september 1992. Með þeim samningi hafi verið framlengdur samningur milli sömu aðila frá 12. desember 1990 og þar áður samningur frá 19. september 1989. Eins og kveðið sé á um í hinum síðastnefnda, í grein 1.1, hafi að öðru leyti en þar greindi farið um kaup og kjör samkvæmt kjarasamningum stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða hf. frá 4. júlí 1989. Á hinn bóginn sé gildandi samningur milli þeirra aðila nú frá 12. júní 1994 og sé þar fjallað um ýmis konar hagræðingu á mótí hinni umsömdu launahækkun.

Dómkrafa stefnanda feli aðeins í sér almenna viðurkenningu á því að um kaup og kjör félagsmanna stefndu hjá LHG skuli fara samkvæmt samningnum frá 12. júní 1994 að öðru leyti en greinir í nefndum kjarasamningi milli stefnanda og stefndu frá 24. september 1992. Í ljósi þessa verði ekki séð að dómkrafan miði að viður-

kenningu á nægilega afmörkuðu atriði varðandi kaup og kjör félagsmanna stefnanda, sem vinna hjá LHG, heldur feli krafan í sér að almennt verði viðurkennt um gildi kjarasamnings. Þannig verði ekki séð hvort krafan lúti einungis að því hvort stefnandi telji að félagsmenn hans hjá LHG eigi að hljóta sömu launahækkanir og þeir félagsmenn sem vinna hjá Flugleiðum hf. eða því hvort LHG eigi að sama skapi að þola dóm um hagræðingu í störfum flugvirkja, sem miðuð sé við rekstur og starfsemi Flugleiða hf., en tæplega geti krafa stefnanda lotið að viðurkenningu á vaktafyrirkomulagi og annarri hagræðingu sem við lýði er hjá óskyldu fyrirtæki. Krafa stefnanda brjóti því í bága við reglur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 25. og 80. gr. þeirra, sbr. 50. og 69. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Þrátt fyrir ákvæði 2. tl. 1. mgr. 44. gr. hinna síðarnefndu laga verði ekki lagður dómur á kröfu sem aðeins lúti að viðurkenningu á því að um kaup og kjör fari að ákvæðum tiltekins kjarasamnings, án nánari sérgreiningar á því sakarefni sem stefnandi telur sig verða að fá leyst úr gagnvart stefnda.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 er það hlutverk Félagsdóms að dæma í málum sem rísa út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

Samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands skulu laun og kjör þeirra starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinna að staðaldri í landi, vera samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða stéttarfélagssamningum viðkomandi starfsmanna. Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélags, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélags við stjórn Landhelgisgæslunnar.

Dómkrafa stefnanda lýtur að því að fá úr því skorið hvort um kaup og kjör flugvirkja, sem starfa hjá Landhelgisgæslu Íslands, skuli fara samkvæmt kjarasamningi stefnanda og VSÍ vegna Flugleiða hf. frá 12. júní 1994 að öðru leyti en greinir í síðastgildandi

samningi málsaðila frá 24. september 1992. Verður ekki séð annað en að kröfugerð stefnanda sé skýr að þessu leyti þar sem krafist er viðurkenningar á því að umræddur samningur sé stéttarfélagssamningur, sem miða beri laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar við samkvæmt 9. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 25/1967, en jafnframt fari um kjör þeirra samkvæmt samningi málsaðila frá 24. september 1992.

Stefnandi á lögvarða hagsmuni af því að fá úr ágreiningsefni þessu skorið með dómsúrlausn. Það leiðir af hlutverki Félagsdóms að dómnum ber að kveða upp viðurkenningardóma um gildi kjarasamninga. Telja verður kröfugerð stefnanda nægilega afmarkaða og hvorki er á það fallist að hún brjóti í bága við 25. né 80. gr laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Ber því að hafna frávisunarkröfu stefnda.

Rétt þykir að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Frávísunarkröfu stefnda er hafnað.

S é r a t k v æ ð i

Ingibjargar Benediktsdóttur og Guðmundar Skaftasonar.

Stefndi krefst þess að málinu verði vísað frá Félagsdómi eins og fyrr greinir.

Eins og málið liggur fyrir er ekki vafalaust, að ákvæði þeirra tveggja kjarasamninga, er í dómkröfu stefnanda getur, skarist ekki eða rekist á. Efnisúrlausn kröfunnar veitir ekki svar í því efni. Verður og eigi af kröfugerðinni séð, að unnt sé að ráða ákveðnu afmörkuðu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn eða annan veg, en við úrlausn slíkra efnisatriða myndi reyna á gildi umræddra kjarasamninga í sambandi við málsástæður. Telst dómkrafan því of almenn til að vera dómtæk. Felur hún því nánast í sér kröfu um álitgerð Félagsdóms og ber því samkvæmt 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála að vísa henni frá, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Rétt þykir að aðilar beri hvor sinn kostnað af málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 16. mars 1995.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. tl. 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, með kæru 24. febrúar 1995, er barst Hæstarétti 6. mars 1995. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að málinu verði vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Félagsdómi og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurður Félagsdóms verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.
